



Opin vísindi og CRIS kerfi fyrir Ísland

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

20.05.2016

Opinn aðgangur

- Opinn aðgangur er andóf gegn ofurvaldi útgáfufyrirtækja og ásókn þeirra í þá auðlind sem rannsóknir og niðurstöður þeirra eru
- Það hefur orðið til þess að margar vísindastofnanir og háskólar hafa markað sér stefnu um að rannsóknir sem styrktar eru af almannafé, skuli vera aðgengilegar fyrir almenning
- Þessu tengist einnig hugsunin um að koma niðurstöðum rannsókna sem fyrst á framfæri og hindra ekki framgang vísindanna

Lög um um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003

Breyting skv. lögum nr. 149/2012

10. gr. Niðurstöður rannsókna

Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.

Lögin ...

- Lögin eiga við rannsóknir sem fengu styrki árið 2013 og eftir það – eru ekki afturvirk
- Ekki er vitað um umfangið, en gera má ráð fyrir að rúmlega 1000 greinar sem falla undir þetta ákvæði verði birtar árlega á næstu árum
- Rannís gefur út árlega:
Tölfræði rannsókna, þróunar og nýsköpunar

Evrópusambandið - OpenAIRE

- Evrópusambandið leggur áherslu á opinn aðgang að niðurstöðum vísindarannsókna sem styrktar eru af rammaáætlunum.
- Víða hafa verið sett á fót varðveislusöfn
- Til þess að samhæfa kröfur um opinn aðgang og móta viðmið um birtingar var OpenAIRE verkefnið sett á fót
- Sólveig Þorsteinsdóttir hefur unnið að því af hálfu Landspítalans

Hvað er varðveislusafn?

- Varðveitir greinar / efni í opnum aðgangi
 - Skemman
 - Hirslan – openAIRE samhæfð
 - Rafhlaðan
- Háskólar erlendis reka slík söfn
 - NORA er leitargátt f. varðveislusöfn í Noregi
 - DiVA er leitargátt í Svíþjóð
 - Zenodo/Orphan er opið evrópskt safn

Hvað er varðveislusafn?

- Flest varðveislusöfn byggja á opnum hugbúnaði (open source) – íslensku söfnin nota Dspace
- Þau byggja á Open Archives Initiative Protocol for Metadata Harvesting (OAI-PMH) – þannig að þau geta talað saman
- Tengd við Google og leitarvélar – til að auka sýnileika
- Auðveld í uppsetningu
- Samhæfing og samræmi er nauðsynlegt
 - OpenAIRE
 - Skráningarstaðlar
 - Eftirlit og gæðastjórn

Varðveislusöfn

- OpenDOAR – directory of Open Access Repositories - 2600 skráningar
 - Þjónusta
 - Listi
 - Upplýsingar
- ROAR

Hvað er CRIS?

- Current Research Information System
- Upplýsingakerfi utan um rannsóknaverkefni og niðurstöður þeirra, auk rannsóknavirkni háskóla og rannsóknastofnana
- Einnig greiningartæki eða tól
- Kerfin eru marglaga og aðgangsstýrð. Þeir sem hafa hag af kerfinu eru t.d.:
 - Vísindafólk
 - Rannsóknastjórar og stjórnendur
 - Rannsóknaráð og fólk í stefnumótun
 - Atvinnulífið og sprotafyrirtæki
 - Fjölmiðlar og almenningur

CRIS - vísindafólk

- Vísindafólk getur:
- safnað saman sínu efni og upplýsingum um þau verkefni sem það tekur þátt í
- tekið saman upplýsingar um sig
- búið til s.k. prófíl eða CV
- dregið út tölfræði
- haft yfirlit yfir samninga, fjármuni of.l.

CRIS

- Flestir háskólar erlendis reka slík kerfi
- Á Íslandi væri heppilegt að reka eitt kerfi
- CRIS getur einnig hýst varðveislusafn

- Nokkrar gerðir:
 - Converis – Thomson Reuters
 - Elements – Symplectic
 - PURE – Elsevier
 - CRIStin – Noregur (heilt land)
 - IRIS – Ítalía (heilt land)
 - DiVA – Svíþjóð (heilt land)

CRIS

Skráningin byggir á CERIF – Common European Research Information Format

- Rannsakendur / höfundar / starfsfólk
- Rannsóknaverkefni / verkefnisstjórnun
- Birtingar / útgáfa
- Einkaleyfi
- Afurðir
- Fjármögnun
 - Stofnanir
 - Styrkir
 - Samstarf

Hagsmunir allra

- Yfirsýn yfir rannsóknir í landinu
- Bætt þjónusta við háskóla- og vísindasamfélagið
- Varðveisla íslenskra rannsókna og fræðilegrar útgáfu, greinar, bækur, bókarkafnar, skýrslur ...
- Aðgangur að lýsigögnum og stöðluð skráning
- Samtenging upplýsingakerfa
- Öflugri rafrænir innviðir
- Þátttaka í þróunarverkefni og formlegu samstarfi hagsmunaaðila
- CRIS kerfi er leið til að leggja áherslu á og vinna að framgangi opins aðgangs (OA)

Opin vísindi

- DSpace varðveislusafn sem er í undirbúningi
- www.opinvisindi.is
- Verkefnishópur í vetur HÍ – Lbs-Hbs
- Vistað í Lbs-Hbs
- Einfalt útlit – byggja á stöðlum
- Árhersla Lbs-Hbs á að hafa kerfin aðskilin

- Starfsmaður verður Sigurgeir Finnsson
- Stefnt að formlegri opnun í júní

CRIS kerfi fyrir Ísland

- Verkefnisstjóri í MMR - Sonja Dögg Pálsdóttir
- Helstu hagsmunaaðilar kallaðir saman
- Lærdómsferli
- Kynningar á kerfum
- Unnið að kröfulýsingu í vetur í samstarfi við ríkiskaup – útboð á næstunni
- Hvar á að vista kerfið?
- Hluti af ferlinu er uppsetning á opinvisindi.is